

Ársskýrsla
Heilsugæslu
höfuðborgarsvæðisins
2014

Ávarp forstjóra

Ársskýrsla þessi varpar ljósi á hið umfangsmikla starf sem unnið er innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Starfsemi ársins var með hefðbundnum hætti og umfang hennar svipað því sem var árið á undan.

Rekstur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var innan fjárheimilda á árinu og hefur verið það síðasta hálfa áratuginn. Þessum árangri má þakka útsjónarsemi starfsmanna og miklu aðhaldi á öllum sviðum starfseminnar. Þessi staða er í eðli sínu jákvæð, því engin stofnun getur búið við það til lengri tíma að geta ekki staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. En hún er neikvæð að því leyti að heilsugæslan getur ekki búið við skert eða óbreytt framlög til lengri tíma án þess að þess sjáist merki í þeirri þjónustu sem henni er ætlað að veita eða stöðnunar gæti. Að minnsta kosti ekki í samfélagi þar sem fólki fjölgar og meðalaldur hækkar.

Innan heilsugæslunnar fer fram afar fjölbreytt starf, eins og skýrsla þessi ber glöggvitni um. Öflugt forvarnarstarf á sviði mæðraverndar, ung- og smábarnaverndar og skólaheilsugæslu hefur skilað okkur árangri sem eftirtektarverður er á heimsvísu. Á öðrum sviðum starfseminnar má ýmislegt bæta. Heilsugæslan þarf að geta sinnt veigameira bráðahlutverki og sinnt betur fólki með langvinn fjölvandamál og fjöllyfjanotkun. Tryggja þarf betra aðgengi að þjónustunni, en til þess að svo megi vera þarf að efla heilsugæsluna að fjármunum og mannskap. Vonir eru því bundnar við að með bætum þjóðarhag styttest í að efndir fylgi orðum um frekari uppbyggingu heilsugæslunnar og að henni verði gert kleift að standa undir nafni sem fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu.

Á umliðnum árum hefur verið unnið ötullega að því að bæta húnæði heilsugæslunnar svo tryggja megi sem bestan aðbúnað fyrir starfsmenn og aðstæður fyrir skjólstæðinga Heilsugæslunnar sem við getum verið stolt af. Á árinu var ráðist í enn eitt stórverkefnið á þessu sviði þegar Heilsugæslan Seltjarnarnesi flutti tímabundið í húsnaði Landspítala á Landakoti á meðan húsnaði stöðvarinnar verður tekið til gagn Gerrar endurbóta.


Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins leggur metnað sinn í að stuðla að og efla nýliðun fagfólks í heilsugæslunni. Á árinu undirrituðu Heilsugæslan og Háskóli Íslands nýjan samstarfssamning sem felur m.a. í sér þau áform, en starfsfólk Heilsugæslunnar tekur virkan þátt í klínískri kennslu í heilbrigðisvísindagreinum á vegum Háskólans.

Lúðvík Ólafsson, framkvæmdastjóri lækninga, lét af störfum á árinu eftir langt og farsælt starf innan heilsugæslunnar. Honum eru færðar bestu þakkir fyrir störf sín, ekki síst sem frumkvöðuls í uppbyggingu heilsugæslu í landinu.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins býr að reyndu og hæfileikaríku starfsfólki, sem hefur í áranna rás verið tilbúið að leggja mikið á sig í þágu þjónustunnar og þróunar hennar. Starfsfólki færi ég þakkir fyrir vel unnin störf.

Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri

Skipurit Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins



Skipurit Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins 1. september 2014

Árið 2014 – Nokkur atriði

Vera

Tímamót urðu í heilbrigðisþjónustunni í október þegar tekin var í notkun heilbrigðisgáttin VERA. sem Embætti landlæknis, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) og TM Software, unnu að þróun á.

Helstu markmiðin með VERU eru að:

- Veita almenningi rafrænan og öruggan aðgang að eigin heilbrigðisupplýsingum.
- Stuðla að auknu öryggi sjúklinga með því að veita aðgang að eigin heilbrigðisupplýsingum, eins og lyfjaupplýsingum og ofnæmi.
- Auka þjónustu í heilbrigðiskerfinu við almenning þannig að einstaklingar geti nálgast sínar heilbrigðisupplýsingar án tafar hvar og hvenær sem er óháð því á hvaða heilbrigðisstofnun, heilsugæslustöð eða starfsstofu sérfræðings upplýsingarnar voru skráðar.
- Gera einstaklinum kleift að eiga í öruggum rafrænum samskiptum við lækna og aðra heilbrigðisstarfsmenn.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra opnaði gáttina formlega að viðstöddum fulltrúum Embættis landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í Heilsugæslunni Glæsibæ en Heilsugæslan Mjódd er

einnig að byrjuð að nota VERU. Vera mun svo verða hluti af þjónustu allra stöðva Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og í framhaldinu innleidd hjá stofnunum í öllum heilbrigðisumdæmum landsins.

Innleiðing VERU byggist meðal annars á því að auki notkun upplýsingatækni innan heilbrigðisþjónustunnar eykur öryggi sjúklinga og gæði þjónustunnar sem þeim er veitt og stuðlar jafnframt að meiri skilvirkni. Strangar öryggiskröfur gilda um aðgang að VERU, bæði hvað varðar tæknilega högun og aðgangsstýringar. Aðgangsstýringar koma í veg fyrir að aðrir en einstaklingar með rafræn skilríki geti sótt upplýsingar um sig sem vistaðar eru í rafrænni sjúkraskrá eða lyfjagagnagrunni.



Hreyfiseðill

Í maí voru undirritaðir samningar um innleiðingu hreyfiseðla í samræmi við ákvörðun heilbrigðis- yfirvalda um að gera hreyfiseðla hluta af almennri heilbrigðisþjónustu. Tilraunaverkefni um notkun hreyfiseðla er lokið og nú tekur við áætlun um endanlega innleiðingu þessa meðferðarforms hjá heilbrigðisstofnunum um allt land. Nokkrar af heilsugæslustöðvum HH tóku þátt í tilraunaverkefninu. Áætlun um innleiðinguna hér felur meðal annars í sér áætlun um ráðningu hreyfistjóra, staðsetningu þeirra í heilbrigðisumdæmum og fjölgun stöðugilda eftir því sem fram líða stundir.

Skjólstæðingar sem hafa ýmsa sjúkdóma, t.d. fullorðinssykursýki, offitu, háan blóðþrýsting, þunglyndi og kvíða og stoðkerfissjúkdóma, þar sem hreyfing er gagnleg sem meðferð eða hluti af meðferð geta fengið ávísun á hreyfiseðil hjá sínum lækni. Hreyfistjóri, sem er menntaður sjúkráþjálfari, hittir skjólstæðing og leggur upp áætlun um hreyfingu, hvernig, hversu oft, hversu lengi, hversu mikil ákefð osfrv. Þegar skjólstæðingurinn hreyfir sig skráir hann hreyfinguna á Hreyfiseðill.is og sem gerir honum og hreyfistjóranum að fylgjast með frammistöðunni. Nái skjólstæðingurinn ekki markmiðum hefur hreyfistjórinn samband, hvetur og leitar nýrra leiða ef þörf krefur. Oftast er gert ráð fyrir að þessi

meðferð nái yfir 6 mánaða tímabil með möguleika á framlengingu. Læknir viðkomandi fær svo skýrslu frá hreyfistjóranum.

Hreyfiseðill er ný meðferð í íslensku heilbrigðiskerfi sem er ódýr, með afar fáar aukaverkanir og þar sem skjólstæðingarnir geta sjálfir lagt mikilvæg lóð á vogarskálina til að bæta heilsu sína og meðhöndla þá sjúkdóma sem þeir glíma við.

Hjólað í vinnuna og Lífshlaupið

Starfsfólk HH stóð sig einkar vel í átakinu „Hjólað í vinnuna“ þetta árið. Heilsugæslan lenti í þriðja sæti á landsvísu í flokki fyrirtækja með 400-799 starfsmenn, fyrir hlutfall daga, með 1,68 dag að meðaltali á starfsmann. Það voru 104 starfsmenn heilsugæslunnar sem tóku þátt og fjöldi daga sem starfsmenn hjóluðu/gengu var 981 og heildarvegalengdin 7.214,46 km. Í innbyrðis keppni Heilsugæslunnar voru 13 lið. Heilsugæslan Hlíðum vann en Heilsugæslan Fjörður var í öðru sæti.

Starfsmenn HH voru duglegir að ástunda líkamsrækt meðan á „Lífshlaupinu“ stóð og HH endaði í öðru sæti í flokki fyrirtækja/stofnana með 400-799 starfsmenn. Alls tóku 186 starfsmenn þátt og hreyfðu sig samtals í 185.248 mínútur eða að jafnaði um 1000 mínútur á mann. Tíu lið tóku þátt í innbyrðis keppni milli starfsstöðva. Heilsugæslan Hlíðum var með hæsta hlutfall daga og Heilsugæslan Seltjarnarnesi með hæsta hæsta hlutfall mínútna.

Framkvæmdastjóri lækninga kvaddur

Þessi mynd var tekin 27. febrúar á síðasta yfirlæknafundinum sem Lúðvík Ólafsson framkvæmdastjóri lækninga sat. Á myndinni eru frá vinstri: Efri röð: Árni Scheving Thorsteinsson, Guðbrandur Þorkelsson, Kristján Guðmundsson, Þórður G. Ólafsson, Sigurður V. Guðjónsson, Stefán B. Matthíasson, Kristjana Kjartansdóttir, Gunnar Ingi Gunnarsson, Þengill Oddsson, Gunnar Helgi Guðmundsson, Neðri röð: Samúel J. Samúelsson, Bjarni Jónasson, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Lúðvík Ólafsson, Guðrún Gunnarsdóttir, Halldór Jónsson.



Rekstur

Rekstraryfirlit

	2014	2013
Sértekjur alls	685.199.972	641.370.183
Gjöld	5.626.296.775	5.496.994.582
Laun og launatengd gjöld	4.105.666.093	4.013.406.280
Önnur gjöld	1.520.630.682	1.483.588.302
Ríkisframlag	4.957.200.000	4.860.000.000
Tekjuafgangur	16.103.197	4.375.601

Kostnaður sundurliðaður eftir viðfangsefnum

Heilsugæslustöðvar

	2014	2013
Heilsugæslan Árbæ	306.798.925	307.925.341
Heilsugæslan Efra Breiðholti	227.571.352	219.722.746
Heilsugæslan Efstaleiti	198.849.907	197.957.192
Heilsugæslan Fjörður	315.656.664	311.182.304
Heilsugæslan Garðabæ	240.712.935	229.489.033
Heilsugæslan Glæsibæ	200.695.680	195.929.567
Heilsugæslan Grafarvogi	355.279.139	362.399.662
Heilsugæslan Hamraborg	443.734.673	410.797.949
Heilsugæslan Hlíðum	187.047.258	178.356.499
Heilsugæslan Hvammi	195.090.078	194.234.772
Heilsugæslan Miðbæ	180.016.481	188.173.956
Heilsugæslan Mjódd	172.856.191	180.158.306
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	331.760.888	309.164.131
Heilsugæslan Seltjarnarnesi	249.232.341	235.234.515
Heilsugæslan Sólvangi	467.450.502	431.347.321
Samtals	4.072.753.014	3.952.073.294

Miðlæg þjónusta

	2014	2013
Proska- og hegðunarstöð	142.131.140	132.646.481
Göngudeild sóttvarna	29.674.481	28.480.119
Geðheilsa iðjubjálfun	45.739.939	38.431.953
Samtals	217.545.560	199.558.553

Stjórnsýsla og verkefni

	2014	2013
Stjórnsýsla og Þróunarstofa*	530.999.008	561.535.094
Deild rafrænnar þjónustu	119.799.221	142.457.458
Samtals	650.798.229	703.992.552

*Þróunarstofa verður Þróunarsvið og er hluti af rekstri stjórnsýslu frá 2014

Stærstur hluti sértekna eru komugjöld, um 51%. Aðrar tekjur eru m.a. vottorð, leigutekjur, námskeiðsgjöld og þjónusta við aðrar stofnanir.

Laun sérnámslækna eru bókfærð undir stjórnsýslu.

Einstakir útgjalda-liðir breyttust með þeim hætti að launagjöld urðu 2,3% hærri en árið áður, rekstrarvörur hækka um 2,8%, húsnæðiskostnaður um 4,1% og útgjöld vegna ferða og funda um 2,5%. Hins vegar lækka útgjöld vegna lækningarannsóknar um rúmlega 1% og vegna tölvu- og kerfisfræðipjónustu um 1,8%. Þess ber að geta að hækkan á launum lækna á árinu 2014 vegna kjarasamnings lækna í janúar 2015 er að mestu færð á árið 2015.

Mannauður

Ársverk eftir stéttarfélögum

	2014	2013
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	117,5	119,8
Félag lífeindafræðinga	3,6	2,9
Félag sjúkrabjálfa	1,2	0,3
Félagsráðgjafafélag Íslands	2,6	3,2
Fræðagarður	5,7	5,0
Iðjubjálfafélag Íslands	4,1	4,1
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	3,0	3,3
Kjararáð og utan félaga	2,7	2,6
Ljósmaðrafélag Íslands	22,0	21,8
Lyfjafræðingafélag Íslands	0,8	1,0
Læknafélag Íslands	123,8	133,0
Samflot sveitarfélaga	9,0	10,0
Sálfræðingafélag Íslands	18,3	14,7
SFR - stéttarfélag í almannajónustu	109,7	110,5
Sjúkraliðafélag Íslands	29,4	27,4
Stéttarfélag bókasafns- og uppl.fr.	1,0	1,0
Verkalyðsfélagið Hlíf	0,5	0,4
Þroskabjálfafélag Ísland	0,4	0,4
Samtals	455,3	461,4

Ársverk eftir starfsstöðvum

	2014	2013
Heilsugæslan Árbæ	24,3	25,7
Heilsugæslan Efra Breiðholti	20,1	20,1
Heilsugæslan Efstaleiti	20,0	19,5
Heilsugæslan Fjörður	28,9	29,1
Heilsugæslan Garðabæ	26,3	25,1
Heilsugæslan Glæsibæ	15,1	16,3
Heilsugæslan Grafarvogi	31,4	33,4
Heilsugæslan Hamraborg	49,2	48,5
Heilsugæslan Hlíðum	18,7	18,5
Heilsugæslan Hvammi	18,3	18,3
Heilsugæslan Miðbæ	17,7	18,5
Heilsugæslan Mjódd	16,6	20,1
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	23,9	21,8
Heilsugæslan Seltjarnarnesi	22,4	22,9
Heilsugæslan Sólvangi	51,0	48,4
Geðheilsa-eftirfylgd	5,1	4,5
Göngudeild sóttvarna	2,8	2,7
Þroska- og hegðunarstöð	14,6	15,1
Stjórnsýsla	48,9	52,9
Samtals	455,3	461,4

Starfsmenn sem eru í SFR starfa flestir sem móttöku- og lækningarar á heilsugæslu-stöðvunum, en einnig innan stjórnsýslunnar við ýmis störf.

Ársverk innan stjórnsýslu skiptast á svið fjármála og rekstrar, þróunarvið. Innan stjórnsýslunnar starfa einnig framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar og starfsmenn í verkefnum á þeirra vegum.

Lykiltölur 2014

Þessar tölur sýna eingöngu klíniska starfsemi á stöðvunum, viðtöl/komur einstaklinga, símtöl við þá eða lyfjaendurnýjun og síðan vitjanir til einstaklinga - bæði á dagvinnutíma og síðdegisvakt.

Engin vinna ritara, svör við rannsóknum, læknaþréf eða önnur samskipti sem ekki fela í sér samskipti við einstaklinga eru hér með. Heimahjúkrun er talin sérstaklega.

Heilsugæslustöðvar - Samskipti eftir þjónustuflokkum

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Almenn læknishjálp	225.402	285.904	598 ¹
Hjúkrun	66.010	49.510	3.571 ²
Mæðravernd	22.815	9.439	
Ungbarnavernd	33.166	5.458	5.208
Sálfræðiþjónusta	2.847	1.479	1
Sykursýkismóttaka	425	92	
Annað ³	987	988	0
Alls	351.652	352.870	9.378

1) Hér er aðallega um að ræða vitjanir vaktlækna í Mosfellsbæ

2) Hér er aðallega um að ræða fjölskylduheilsuvernd og geðheilsuvernd mæðra í kjölfar barnsfæðingar

3) Inni í þessum tölum er iðjubjálfun sem síðan fluttist til Heimahjúkrunar HH

Heilsugæslustöðvar - Samskipti eftir starfstétt

Hér er ekki hægt að fá samtölu því að það geta margir starfsmenn komið að sömu samskiptum. Þó samskiptin séu ein að þá teljast þau einu sinni á hvorn starfsmann, þegar talið er eftir starfsstéttum.

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Læknar	245.746	289.328	653
Hjúkrunarfræðingar/ljósmaður	124.950	64.279	8.771
Sálfræðingar	2.847	1.479	1
Hreyfistjórar	186	2	
Félagsráðgjafar	695	898	
Aðrir	1.027 ⁴	271	5

4) Fjöldi samskipta hér er viðtal sjúkraliða í Mjódd í þjónustuflokknum Heilsuvernd aldraðra

Lykiltölur 2014 - framhald

Heilsugæslustöðvar - Samskiptir eftir stöðvum

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Heilsugæslan Árbæ	30.788	28.289	1.096
Heilsugæslan Efra Breiðholti	21.828	31.094	242
Heilsugæslan Efstaleiti	19.143	13.871	289
Heilsugæslan Fjörður	21.266	24.071	765
Heilsugæslan Garðabæ	23.280	26.850	367
Heilsugæslan Glæsibæ	17.855	16.150	487
Heilsugæslan Grafarvogi	31.534	28.711	761
Heilsugæslan Hamraborg	18.819	19.293	429
Heilsugæslan Hlíðum	20.231	19.799	406
Heilsugæslan Hvammi	19.186	23.619	285
Heilsugæslan Miðbæ	20.990	19.690	582
Heilsugæslan Mjódd	16.255	16.988	255
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	22.208	19.277	1.509 ¹⁾
Heilsugæslan Seltjarnarnesi	32.829	32.718	771
Heilsugæslan Sólvangi	35.480	32.525	1.133

1) Hér eru óvanalega margar vitjanir skráðar í þjónustuflokknum Hjúkrun. Ekki er útilokað að um ranga skráningu sé að ræða og hluti þessara samskipta tilheyrir heimahjúkrun

Heimahjúkrun – samskipti

Þjónustuflokkurinn Heimahjúkrun á öllum stöðvum

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Heimahjúkrun	47	15.506	102.828

Heimahjúkrun - samskipti eftir starfsstétt

Þjónustuflokkurinn Heimahjúkrun á öllum stöðvum

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Hjúkrunarfræðingar	44	12.041	24.890
Sjúkraliðar	3	2.811	59.790
Félagsliðar		659	19.070

Lykiltölur 2014 - framhald

Heilsuvernd skólabarna skólaárið 2013-2014

Þessar tölur eru úr Ískrá

	Allir skólar á höfuðborgarsv.	Meðaltal á hvern nemanda:
Skyldufræðsla	57.712	2,2
Önnur fræðsla	26.999	1,0
Viðtöl um heilsu og líðan	10.212	0,4
Bólusetningar	8.746	0,3
Samskipta vegna einstaklingsþjónustu	49.586	1,9
Skimanir	21.535	0,8
Samtals samskipti	174.790	6,6
Nemendafjöldi	26.562	
Tölvusamskipti við foreldra	38.004	1,4

Geðheilsa – eftirfylgd

Þessar tölur eru ekki úr SÖGU

	2014
Skjólstæðingar	193
Viðtöl	1.598
Vitjanir	49
Bráðatilfelli	116
Fjölskyldufundir	48
Þjálfun á vettvangi	44

Þroska- og hegðunarstöð

Þessar tölur eru ekki úr SÖGU

	2014	2013
Nýjar tilvísanir til Þroska- og hegðunarstöðvar	456	405
Þar af vegna ADHD og skyldra raskana	339	265
Tilvísanir afgreiddar á árinu	380	347
Þar af fóru í formlegt greiningarferli	333	270
Þátttakendur á færnipjálfunarnámskeið fyrir foreldra eða börn	453	336